

# ÞJÓÐARPÚLS GALLUP


Ágúst 2009 8. TBL. 17. ÁRG.

## Viðhorf til forgangsröðunar samgönguverkefna

Fólk af öllu landinu var spurt hvernig það myndi forgangsráða verkefnum í samgöngumálum. Gefin voru upp nokkur verkefni sem hafa verið í deiglu, auk þess sem fólk gafst kostur á að nefna önnur verkefni.

Niðurstöðurnar voru þær að langflestir töldu tvöföldun Suðurlandsvegur mikilvægasta, eða nær 55% þeirra sem tóku afstöðu. Aðrar framkvæmdir voru mun sjaldnar nefndar (mynd):

### Hlutfall sem telur viðkomandi mál mikilvægast




Konur, umfram karla, töldu tvöföldun Suðurlandsvegur mikilvægasta, en næstum 64% kvenna sögðu hana vera mikilvægasta verkefnið á móti tæpum 46% karla. Íbúar Reykjavíkur og nágrennasveitarfélaga töldu tvöföldun Suðurlandsvegur að sama skapi mikilvægari en íbúar annarra sveitarfélaga. Þegar viðhorf voru skoðuð eftir kjördæmaskipan (sjá mynd) kom talsverður munur í ljós. Í öllum kjördæmum nema Norðausturkjördæmi töldu íbúar tvöföldun Suðurlandsvegur mikilvægasta verkefnið, en í Norðausturkjördæmi töldu 32% Vaðlaheiðargöng vera mikilvægasta samgönguverkefnið, en fjórðungur svarenda þess kjördæmis nefndi tvöföldun Suðurlandsvegur. Vaðlaheiðargöng voru nær aldrei nefnd meðal svarenda úr öðrum kjördæmum. Í Suðurkjördæmi töldu hvorki 86% svarenda tvöföldun Suðurlandsvegur mikilvægasta verkefnið. Þegar viðhorf eru skoðuð eftir því hvaða flokk fólk myndi kjósa, reyndist tvöföldun Suðurlandsvegur njóta álíka stuðnings meðal kjósenda allra flokka (50-62%).

### Spurt var:

Hvernig myndir þú forgangsráða eftirfarandi verkefnum í samgöngumálum? - Verkefni (sjá mynd ofar á síðunni) birtust í tilviljunarkenndri röð

### Mikilvægast í samgöngumálum greint eftir kjördæmum



## Könnun í Evrópu um núverandi ástand/stöðu ýmissa mála-flokka. Íslenskar niðurstöður

Viðamikil evrópsk könnun var lögð fyrir í öllum 27 aðildarlöndum Evrópusambandsins auk Íslands, Króatíu, Makedóníu og Tyrklands í júní síðastliðnum. Gallup birtir nú niðurstöður nokkurra spurninga úr íslensku könnuninni en heildarniðurstöður verða birtar síðla árs.


Spurt var um viðhorf til þrettán ólíkra mála-flokka (sjá mynd). Í fimm tilvikum af þrettán voru fleiri á því að málaflökkurinn stæði vel heldur en illa. Fólk taldi ástand atvinnu sinnar best, en 76% svarenda töldu stöðu vinnu sinnar góða. Búsetustaður fólks fékk næstbestu útkomuna, þar sem tveir af hverjum þremur svarenda töldu ástand eða stöðu hans góða. Íslenska heilbrigðiskerfið

varð í þriðja sæti þeirra þrettán mála-flokka sem spurt var um, en 66% töldu ástand þess gott. Í átta tilvikum þótti fleirum að ástandið væri slæmt en gott. Efnahagsmál á Íslandi þóttu standa langverst. Nær allir, eða ríflega 97% svarenda, töldu ástand efnahagsmála slæmt og 72%, töldu ástandið reyndar mjög slæmt. Atvinnumál á Íslandi fengu næstverstu útkomuna, því 58% svarenda töldu stöðu þeirra mjög slæma og 37% töldu stöðuna frekar slæma. Íslenskur framfærslukostnaður fékk einnig slæma dóma hjá svarendum, því nær níu af hverjum tíu töldu ástand þess mála-flokks ýmist mjög slæmt eða frekar slæmt.

### Spurt var:


Hversu gott eða slæmt telur þú núverandi ástandi stöðu ...?

(sjá mála-flokka sem spurt var um á myndinni hér fyrir neðan. Mála-flokkarnir birtust í tilviljunarkenndri röð)



# ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

## Fylgi flokka ef kosið yrði til Alþingis í dag og stuðningur við ríkisstjórnina



## Litlar breytingar á fylgi flokka

Litlar breytingar eru á fylgi flokka milli mánaða. Naumlega 29% segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn færðu kosningar til Alþingis fram nú, um fjórðungur myndi kjósa Samfylkinguna, liðlega 19% myndu kjósa Vinstrihreyfinguna - grænt framboð, rúmlega 17% segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn og 8% myndu kjósa Borgarahreyfinguna.

Tæplega 10% svarenda taka ekki afstöðu eða neita að gefa hana upp og næstum 11% segjast myndu skila auðu eða ekki kjósa ef kosningar færu fram í dag.

Ríkisstjórnin nýtur núna stuðnings um 48% kjósenda og minnkar stuðningur við stjórnina um eitt prósentustig milli mánaða.

### Spurt var:

Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk myndir þú kjósa?


En hvaða flokkur yrði líklegast fyrir valinu?

Hvort er líklegra að þú kysir Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern hinna flokkanna?

Styður þú ríkisstjórnina?

Einnig var könnuð ánægja með borgarstjórnann í Reykjavík og eru 42% landsmanna ánægð með Hönnu Birnu, en einungis 14% óánægð. Ánægja með borgarstjórnann er meiri meðal karla en kvenna, en 45% karla segjast ánægð með borgarstjórnann samanborið við 40% kvenna.

### Ánægja með borgarstjórnann í Reykjavík



Rösklega 38% borgarbúa segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn í borgarstjórnarkosningum færðu þær fram nú sem er ríflega

11 prósentustigum meira en í maí í fyrra. Að sama skapi minnkar fylgi við Samfylkinguna um 10 prósentustig frá maí í fyrra en rösklega 35% segjast myndu kjósa flokkinn færðu kosningar til borgarstjórnar fram nú. Nær 17% segjast myndu kjósa Vinstrihreyfinguna - grænt framboð og 7% myndu kjósa Framsóknarflokkinn. Aðrir flokkar mælast með minna fylgi. Samkvæmt þessu fengu Sjálfstæðisflokkur og Samfylking hvor sína 6 borgarfulltrúa, VG fengu 2 borgarfulltrúa og Framsókn héldi sínum fulltrúa.

### Spurt var:

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með borgarstjóra Reykjavíkur, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur?

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með meirihluta Sjálfstæðisflokks og Frjálslyndra og óháðra í borgarstjórn Reykjavíkur?

Ef kosið yrði í dag til borgarstjórnar hvaða flokk eða lista myndir þú kjósa?

En hvaða flokk eða lista er líklegast að þú myndir kjósa?

Hvort er líklegra að þú kysir Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern hinna flokkanna?


## Málefni borgarstjórnar

Capacent Gallup kannaði í júlí ánægju með störf meirihlutans í borgarstjórn og er þriðjungur landsmanna ánægður með meirihlutann í borgarstjórn Reykjavíkur en 28% eru óánægð með hann.

### Ánægja með meirihlutann í borgarstjórn



## Fylgi flokka ef kosið yrði til borgarstjórnar í dag



### Skipting borgarfulltrúa miðað við könnun



Niðurstöður sem hér birtast um fylgi stjórnmálaflokka á landsvísi eru úr netkönnun sem Capacent Gallup gerði dagana 30. júní - 27. júlí. Heildarúrtaksstærð var 3.694 manns af öllu landinu og svarhlutfall var 59,1%. Vikmörk eru 0,6-2,1%. Mæling á fylgi stjórnmálaflokka í Reykjavík eru úr netkönnun sem gerð var meðal Reykvíkinga dagana 1.-27. júlí. Svarhlutfall var 59,2% og úrtaksstærð 1.300. Vikmörk eru 1-4%. Mæling á viðhorfi til forgangsröðunar samgönguverkefna er úr netkönnun sem gerð var dagana 1. - 9. júlí. Svarhlutfall var 59,3% og úrtaksstærð 1.267. Mæling á viðhorfi til borgarstjórnarmeirihlutans og borgarstjórnars, ásamt spurningum um núverandi stöðuástand eru úr netkönnun sem gerð var dagana 8. - 27. júlí. Svarhlutfall var 59,1% og úrtaksstærð 2.447. Úrtökin í könnunum voru tilviljunarúrtök úr Viðhorfahópi Capacent Gallup og í þau voru valdir einstaklingar 18 ára eða eldri.

Hvorki má birta fréttabréf þetta né upplýsingar úr því opinberlega án skriflegs leyfis Capacent.

Útgefið af: Capacent Gallup Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími: 540 1000 Netfang: matthias.thorvaldsson@capacent.is

Umsjón með útgáfu: Matthías Þorvaldsson og Jón Karl Árnason.

Abyrgðarmaður: Dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. Capacent 2008. Allur réttur áskilinn.